

**Sp.**

### **533. Tillaga til þingsályktunar**

um sérstök sjúkralaun til handa Geir Sigurðssyni, fyrrverandi lögregluþjóni.

Flm.: Jónas Jónsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að greiða Geir Sigurðssyni, fyrrverandi lögregluþjóni, frá síðustu áramótum mánaðarlega 250 kr. með dýrtíðarupphót, vegna heilsubilunar þeirrar, er hann hlaut sem starfsmaður lögreglunnar undir forustu ríkisvaldsins 9. nóv. 1932.

#### **Greinargerð.**

Einn af þeim lögreglumönnum, sem slösuðust mest í lögregluliðinu 9. nóv. 1932, var Geir Sigurðsson. Hann var þá á bezta aldri, 32 ára gamall. Geir er Sunnmýlingur að ætt og uppruna, vaskleikamaður til allrar áreynslu, kurteis og góðgjarn. Þegar hann kom í lögregluliðið 1929, var hann vanur allri framleiðsluvinnu bæði á sjó og landi og mjög eftirsóttur til starfa. Í lögreglunni hlaut hann hið bezta orð. Í átökunum 9. nóv. 1932 stóðu ríkisvaldið og bæjarstjórnarmeirihluti Reykjavíkur saman og báru sameiginlega ábyrgð á því, að lögreglan tæmdi fundarhúsið að áheyrendum og leitaðist við að koma bæjarfulltrúunum ómeiddum af fundinum. Þegar komið var út úr fundarhúsinu, tvístraði mannfjöldinn lögreglunni. Fékk Geir þá mikið högg aftan frá á hálsinn og höfuðið. Virtist lurk hafa verið kastað í hann og miðað til höfuðsins. Féll Geir þá, og var troðið ofan á honum, þannig að hann hlaut varanleg meiðsli innvortis. Góðir menn björguðu Geir meðvitundarlausum inn til lækni, og fékk hann þar fyrstu aðgerð. Eftir það lá hann lengi í sjúkrahúsi og hefur síðan verið undir umsjón margra lækna. Hann varð rólfær aftur, reyndi að starfa í lögreglunni, en hefur ekki heilsu til þess. Getur hann ekki sinnt neinni áreynsluvinnu. Bærinn borgar honum 250 kr. mánaðarlega í sjúkralaun, og er hér farið fram á, að ríkið greiði honum jafnmikið. Ef Geir hefði ekki misst heilsuna í þjónustu ríkis og bæjar, mundi hann nú hafa yfir 700 kr. í mánaðarkaup í lögreglunni. Er hér farið fram á, að hann fái þann styrk, að nokkur von sé um, að hann geti framfleytt sér og fjölskyldu sinni án þess að verða mannapurfi.

Menn geta deilt um réttmæti þeirra aðgerða, sem orsökuðu óeirðirnar 9. nóv. 1932, en enginn getur kennt lögreglunni um, að hún eigi sök á þeim. Ríkisvaldið var samþykkt meiri hluta bæjarstjórnar um, hvað gera skyldi. Bærinn viðurkennir sína ábyrgð. Ríkisvaldið á eftir að greiða Geir Sigurðssyni bætur að sínu leyti. Hefur hann nú búið við þrálátt heilsuleysi, atvinnuleysi og fátækt í 15 ár, fyrir það að hafa hlýtt yfirboðurum sínum við skylduverk í þágu mannfélagsins.